

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 — 1979

17. desember 1979.

1053

Nr. 539.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

Umferð um Hvaleyrarbraut nýtur forgangs fyrir umferð um Fornubúðir og götustút við Vörubílastöðina við Hvaleyrarbraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórnin í Hafnarfirði, 17. desember 1979.

Einar Ingimundarson.

31. desember 1979.

Nr. 540.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Umferð um Þjóðveg skal hafa forgang fyrir umferð um eftirtalda vegi; (A6 biðskylda):

Um veg að Æðarodda

Um veg að Höfðaseli

Um veg að vatnsveitu og sorphreinsun

Um veg að Elinarhöfða.

Reglur þessar taki gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 31. desember 1979.

Björgvin Bjarnason.